

MONITOR



FRITT
EINTAK



HÖNDLARÐU HITANN ?

THE ORIGINAL
**TURKISK
PEBER**

Mágur Friðriks Dórs á sama afmælisdag og Michael Jordan.



HINN VÉLRÆNI FRÍÐRIK DÓR SÉST HÉR Á MYND SEM TEKIN VAR Á STAFRÆNA MYNDAVÉL

FRÍÐRIK DÓR

Fyrstu sex: 071088.

Bestu tónleikar sem ég hef séð: Ben Harper í Central Park-garðinum í New York í september-byrjun 2007.

Lag á heilanum þessa stundina: Lost með Frank Ocean.

Justin Bieber eða Justin Timberlake: Timberlake. Hann hlýtur að vera fyrirmynd Bieber. Alltof svalur.

Tónlist... á að vera skemmtileg.

Lofar góðri stemningu

Tónlistarmaðurinn **Friðrik Dór** var upptekinn í prófum fyrir jólin og heldur því síðbúna **útgáfutónleika** á Faktorý annað kvöld til að fagna útgáfu sinnar annarar sólóplötu, **Vélrænn**, sem kom út í nóvember.

„Þegar platan mín kom út fyrir jólin þá var ég að detta í próf og því gat ég ekki haldið tónleika þá en betra er seint en aldrei, sagði maðurinn,“ segir tónlistarmaðurinn og viðskiptafræðinemin Friðrik Dór Jónsson sem annað kvöld mun blása til veislu á Faktorý þegar hann fagnar útgáfu plötu sinnar, Vélrænn, sem kom út í nóvember. „IMMO ætlar að hita upp og Helgi Sæmundur úr Úlfí kikir á okkur og tekur með mér lagið og svona. Svo þetta verður bara stemning. Ef fólk vill hafa gaman þá mætir það þarna,“ bætir Friðrik við en rapparinn IMMO gaf út sína fyrstu sólóplötu, Barcelona, í desember og Helgi Sæmundur rappar með Friðriki í laginu Flottur jakki sem finna má á Vélrænum.

Fólk þarf að fylgja hjartanu

Tónleikar Friðriks Dórs eru haldnir í samstarfi við Bláa kortið frá Arion banka og geta Bláa korts-eigendur farið inn á síðu Hringtorgs á Facebook og skrifað þar inn upphaldslagið úr smíðju Friðriks Dórs og komast þannig í pott. Í framhaldinu verða nokkrir heppnir dregnir út sem vinna sér inn tvo miða á útgáfutónleikana. En hvað á fólk að gera ef það er í erfiðleikum með að velja upphaldslagið sitt? „Fólk þarf að fylgja

TÓNLEIKARNIR

Hvar: Faktorý.
Hvenær: 22. febrúar 2013.
Hús opnar: Klukkan 22.00.
Upphitun: Immo.
Gestur: Helgi Sæmundur.
Stemming: Vonandi góð.

hjartanu og ekki vera að hugsa hvað öðru fólk finnst. Ef fólk finnst Sjumle vera besta lagið með mér þá skrifar fólk það bara óháð því hvað öðru fólk kann að finnst um það val,“ segir Friðrik og að það sé aldrei að vita nema Auddi og Sveppi mæti á svæðið. „Jafnvel Gunni og Felix líka,“ bætir hann við.

Hollt að sýna sig og sjá aðra

Friðrik segist ætla að taka nýju plötuna nánast í heild sinni annað kvöld en hann ætli þó einnig að leika gömul og góð í bland. „Þetta ætti því að verða mjög þétt og gott prógram, ansi hressandi,“ segir Friðrik og hvetur alla sem vettlingi geta valdið til að mæta. „Fólk sem vill hlusta á góða tónlist og upplifa góða stemningu á tvímælalaust að mæta. Það er líka bara hollt að sýna sig og sjá aðra. Þó ég verði ekki með neina flugelda á sviðinu þá lofa ég góðri stemningu,“ segir Friðrik og kveðst aðspurður ætla að keyra föstudagskvöldið í gang fyrir gesti. „Ég mun keyra þetta föstudagskvöld vel í gang fyrir fólk. Þetta er svo búið um klukkan 01.00 og þá getur fólk haldið út í nóttina. Nóttin er einmitt svört og ljósin eru björt og við lifnum við í nóttinni,“ segir Friðrik að lokum.

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

FYRIR ÞUNNA

Í Stúdentakjallaranum kennir margra grasa en á sunnudögum kl. 17:00 geta þreyttir djammara fundið sér þar afdrep og farið í svokallað þynnukubíó. Monitor mælir með piparostabræðingnum í tóma maga en afréttarinn er á eigin ábyrgð.



FYRIR ÆVINTÝRANÖRDA

Norska ævintýra-myndin Kon Tiki er stórskemmtileg afþreying en eflaust ekki fyrir sjóhrædda. Í Bíóparadís er hinsvegar hægt að lyfta upp armskemlunum svo auðvelt er að hjúfra sig að næsta manni ef þannig liggur við. Vandíð þó valið á kúrfélaga.



FYRIR EYRUN

Justin Timberlake skellir sér í jakkafötin, lítur í spegilinn og kemur svo sannarlega með kynþokkann til baka. Lögin Suit & tie og Mirrors eru að trylla Monitor skrifstofuna þessa dagana og eins má benda á Pusher love girl sem JT kynnti fyrir okkur á Grammy-verðlaunahátíðinni.



Vikan á facebook



Ásgeir Sigurjeirsson

Í kvöld var ég spurður af táníng hvort hann mætti taka mynd af okkur saman af því ég væri „gaurinn sem fór á Ólympíuleikana“. Gaman að því.
18. febrúar kl. 23:26



Björk Eidsdóttir

fór í ísbúð eftir crossfit, beið í klukkutíma röð í svitagallanum. Þarf ég að leita mér hjálpar?
18. febrúar kl. 22:41



Tobba Marinósdóttir

hentu ketti í andlitnið á mér hvað Crossfit er skemmtilegt!
18. febrúar kl. 22:34



Dyri Kristjánsson

Ég hef nú komið fram sem íþróttaálfurinn 600 sinnum, forréttindi / Today was my performance nr 600 as Sportacus, lucky :)
17. febrúar kl. 16:53



Egill Einarsson

Zuckerberg vildi ekki samþykkja auglýsingu hjá mér hérna á facebook því hún var of „sexual“. Ég var bara ber að ofan!! Tepruskapur hjá Zuckerberg alltaf.
14. febrúar kl. 10:25

FEITAST Í BLAÐINU

4 Körfuboltaþáttur **Michael Jordan** varð fimmtugur á sunnudaginn sem leið.



6 Ólafur Alexandar er 18 ára Hafnfirðingur sem er með tiskuna á hreinu.



8 Snæbjörn Ragnarsson í Skálmöld vörðkennir að þungarokki sé lífstíll.



14 Sigurður Þór Óskarsson er að gera allt klárt þessa dagana fyrir Mary Poppins.



Efst í huga Monitor Ný heimkynni

Það getur verið alveg magnað hvað maður á það til að vera hræddur við breytingar. Ég man að ég grét á minni fyrstu fótboltaæfingu af því að mér fannst það alveg ómögulegt að ætla að fara að hlaupa um með einhverjum ókunnugum drengjum en í dag elska ég þessa íþrótt og í gegnum tíðina hef ég eignast urmul góðra vina í gegnum sportið. Eftir grunnskólalagönguna var ég alveg með hnút í maganum því þá var komið að því að velja sér framhaldsskóla. Engu að síður átti ég bestu ár lífs míns í skólanum sem varð fyrir valinu. Þegar ég svo flutti að heiman þá fannst mér það alveg skelfileg tilhugsun að þurfa allt í einu að fara að kaupa sjálfur í matinn en í dag finnst mér bara gaman að fara í búðina og kaupa eitthvað sniðugt.


Undanfarna daga hefur svo verið mikill hnútur í mögum Monitor-starfsmanna því við höfðum fengið tilkynningu þess efnis að færa ætti okkar aðsetur. Eftir tvö virkilega góð ár í lokuðu rými á neðri hæðinni hér í Hádegismóum var komið að því að færa okkur upp í opið rými á efri hæð hússins hjá öllum blaðamönnum Morgunblaðsins. Nú eru tveir dagar liðnir frá því að

við fluttum upp og er þetta enn að venjast. Við reynum auðvitað að vera jákvæð en erum enn að rífa upp einhver smáatriði sem voru miklu betri á neðri hæðinni. Gítarinn okkar er líka enn á gamla staðnum og eigum við, satt best að segja, enn eftir að ákveða hvort hann fái að fylgja okkur upp því það færir sjálfsgat illa í aðra starfsmenn Morgunblaðsins ef við tækjum upp á því að glamra og tralla upp úr þurru.

En úr því að breytingarnar í gegnum tíðina hafa alltaf á endanum komið sér vel þá er aldrei að vita nema sú verði raunin í tilfalli Monitor. Kannski að nýju heimkynnin verði til þess að við förum að útbúa efni sem ekki hefur sést áður í íslenskrum fjölmiðlasögu. Kannski við færum út kvíarnar og gefum út blaðið okkar jákvæða á heimsvísu. Við fögnum engum sigrum strax en vonum svo sannarlega að við náum að búa til sama jákvæða andann hér uppi. Það ætti ekki að vera erfitt því hér vinnur enn sama frábæra starfsfólkið og það er jú fólk sem skapar rétta andrúmsloftið en ekki húsgögn eða veggir.

Góða helgi, gott fólk
John

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Styrmir Kári (styrmirkari@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



M Ég hef brennt af rúmlega 9000 skotum á ferlinum. Ég hef tapað 300 leikjum. 26 sinnum hefur mér verið treyst til að skora sigurkörfuna en ég hef brennt af. Mér hefur mistekist aftur og aftur og aftur í lífinu. **Og þess vegna hef ég náð árangri.**

MJ

Nafn: Michael Jeffrey Jordan.
Fæðingadagur: 17. febrúar 1963.
Unnusta: Kúb-Ameríska fyrrsætan Yvette Prieto. Trúlofuð síðan 2011.
Fyrirverandi eiginkona: Juanita Vanoy. Gift frá 1989-2006.
Börn: Synirnir Jeffrey og Marcus og Jasmine.
Háskóli: Norður Karólína. 1981-1984.
NBA-lið: Chicago Bulls frá 1984-1998. Washington Wizards frá 2001-2003.



JORDAN OG METIN

- Jordan varð árið 2003 fyrsti **fertugi** körfuknattleiksmaðurinn í NBA til að skora 43 stig í leik.
- Árið 1997 varð Jordan fyrstur til að ná **tvöfaldrí tvennu** í sögu All-Star-leikjanna.
- Jordan lék flensuleikinn eftirminnlega árið 1997 þar sem hann fór á kostum í fimmta leik úrslitaeinvígsins gegn Utah Jazz. Þrátt fyrir **flensu og magaverki** skoraði Jordan 38 stig og Chicago vann 90-88. Bulls unnu einvígið í sex leikjum.
- Þrátt fyrir að Jordan væri orðinn leikmaður **Washington Wizards** árið 2003 stóðu allir í United Center, körfuboltahöll Chicago, upp og hylltu hetjuna sína þegar ljóst var að þetta yrði hans síðasti leikur í höllinni.
- 2003. Miami Heat gáfu það út árið 2003 að þeir ætluðu aldrei framur að nota treyju **númer 23**. Samt hafði Jordan aldrei leikið með liðinu.
- Michael Jordan, Patrick Ewing og Chris Mullin eru einu Bandaríkjamennirnir sem hafa unnið **gull á Ólympíuleikunum** bæði sem áhugamenn og atvinnumenn en þeir voru í háskóla þegar þeir sigruðu árið 1984.
- Árið 2010 eignaðist Jordan meirihlutann í NBA-liði **Charlotte Bobcats** og varð þannig fyrsti fyrirverandi NBA-leikmaðurinn til að eignast meirihluta í liði í deildinni. Aftur á móti á liðið þann vafasama heiður að eiga lélegasta tímabil í sögu NBA því sigurhlutfallið hjá þeim var 0,106 á tímabilinu 2011 til 2012.



Í tölvuleikjum

Michael Jordan hefur verið í mörgum tölvuleikjum í gegnum tíðina en þá oftast sem partur af stærri heild. Þannig hefur hann birst í mörgum NBA Live-leikjum, NBA Street og í Team USA Basketball sem kom út árið 1992. Þó hafa verið gefnir út leikir í hans nafni sem eiga það sameiginlegt að hafa fengið ágætis útreið hjá gagnrýnendum. Tölvuleikurinn **Jordan vs. Bird: One on One** kom úr smiðju Electronic Arts árið 1988 fyrir Mega Drive, Nintendo, Commodore 64, Game Boy og PC. **Michael Jordan: Chaos in the Windy City** er tvívíddarleikur sem EA gaf út árið 1994. Í leiknum á spilarinn að safna lykklum og sigra óvini í leit sinni að öðrum All-Starleikmönnum en þeim hefur verið rænt.

Sigurvélin númer 23

Körfuboltagoðsögnin **Michael Jordan** varð fimmtugur á sunnudaginn var. Heimurinn kepptist skiljanlega við að mæra kappann og vill **Monitor** ekki vera eftirbátur neins í þeim efnum.




Vörumerkið

Jordan er ein þekktasta markaðsvara í íþróttasögunni. Hann hefur verið talsmaður þekktra fyrirtækja á borð við Nike, Coca-Cola, Chevrolet, Gatorade, McDonald's, Hanes og Wheaties-morgunkornið. Fyrsti Air Jordan-skórinn úr smiðju Nike kom á markaðinn árið 1985. Síðan þá hefur ný lína komið út á hverju ári. Vegna velgengni skólinunnar hóf Nike að selja fleiri vörur undir nafninu Jordan Brand. Spekingar áætla tekjur Jordans á síðasta ári vera um 60 milljónir dollara eða sem nemur tæpum 8 milljörðum íslenskra króna. Allt er þetta tilkomið vegna þess að hann er enn í góðu samstarfi við fjölda fyrirtækja og þá á hann fimm veitingastaði og bílasölu í Norður-Karólínu. Þegar Jordan var á hátindi ferils síns fékk hann um 50 milljónir dollara árlega vegna auglýsingasamninga og síðustu tvö árin sín hjá Bulls fékk hann samtals 63 milljónir dollara í laun.

Skórnir á hilluna?

Það reyndist körfuboltaheytinni þrautinni þyngra að segja skilið við íþróttina. Hinn 6. október árið 1993 sagðist Jordan ekki lengur hafa sömu ástríðu fyrir sportinu og tilkynnti að hann væri hættur. Seinna meir viðurkendi hann að morðið á föður hans hefði haft mikil áhrif á þá ákvörðun en faðir hans var myrtur um sumarið það ár. Ákvörðunin var mikið áfall fyrir körfuboltaheiminn og ekki bætti úr skák þegar Michael Jordan gekk til liðs við hafnarboltaliðið Chicago White Sox vorið 1994. Ári eftir að Jordan hætti var treyjan hans númer 23 hengd upp og stytta af honum, The Spirit, reist fyrir utan heimavöll Chicago Bulls. Illa gekk hjá Jordan-lausu nautunum en það breyttist þegar Jordan ákvað að hætta við að hætta og sneri aftur á körfuboltavöllinn í mars árið 1995. Í treyju númer 45 náði hann að tryggja liðinu sæti í úrslitakeppninni þar sem þeir reyndar féllu úr leik gegn Orlando Magic. Í janúar árið 1999 ákvað svo Jordan að hætta á nýjan leik. Ári seinna sneri hann svo til baka í NBA-deildina en í þetta skipti sem hluthafi í Washington Wizards. Í lok september árið 2001 hætti hann við að hætta sem leikmaður og sneri aftur á völinn en í þetta skipti í Wizards-treyju. Góðmennska kappans endurspegladist í þeirri staðreynd að öll hans laun runnu í sjóð til minningar um þá sem féllu frá í hryðjuverkaárásinni 11. september árið 2001. Jordan lék svo sinn síðasta leik í NBA-deildinni í apríl árið 2003 og þegar hann gekk af velli stóðu allir í höllinni upp og hylltu hetjuna í þrjár mínútur.




Space Jam

Michael okkar Jordan fór, ásamt Kalla kanínu og félagum, með aðalhlutverkið í fjölskyldu-myndinni Space Jam árið 1996. Í myndinni hafði Michael Jordan lagt körfuboltaskóna á hilluna en Kalli kanína og félagar biðja hann um hjálpar hönd þegar þeir þurfa að sigra geimveruglæpagengið The Nerdlucks í körfuboltaleik. Með sigri komast Looney Tunes-félagarnir hjá því að verða til sýnis í skemmtigarði geimveranna en það er hægara sagt en gert að knýja fram sigur sérstaklega í ljósi þess að geimverurnar stálu körfuboltahefuleikunum frá Patrick Ewing, Larry Johnson, Charles Barkley, Muggsy Bogues og Shawn Bradley. Jordan skorar auðvitað sigurkörfuna og skilar svo síðar í myndinni körfuknattleikshæfileikunum til félaga sinna í NBA-deildinni. Myndin var virkilega vinsæl og halaði inn meira en 230 milljónum dollara um heim allan.



- Árið 1988 varð Jordan fyrstur í sögu NBA til að vinna bæði verðlaun sem besti **varnarmaður deildarinnar** og verðlaun sem **mikilvægasti leikmaðurinn, MVP**.
- Eftir að Jordan skoraði **63 stig** gegn Boston Celtics í úrslitakeppninni árið 1986 sagði Larry Bird: „Þetta er Guð í gervi Michael Jordan.“
- Á tíu tímabilum var Jordan stigahæsti maður NBA deildarinnar og er það met. Hann jafnaði met **Wilt Chamberlain** þegar hann náði að vera stigahæstur sjö tímabil í röð.
- Jordan á stigamet í **meðalskori** í leik bæði í deildarkeppninni, þar sem hann skoraði 30,12 stig að meðaltali og í úrslitakeppninni þar sem hann skoraði 33,45 stig að meðaltali.
- Jordan skoraði samtals **5.987 stig** í úrslitakeppnum og er það met í sögu NBA.
- Enginn hefur unnið titilinn **mikilvægasti leikmaður deildarinnar, MVP**, oftar en Jordan. Fimm sinnum var hann verðlaunaður fyrir frammistöðu sína í deildarkeppninni, sex sinnum fyrir frammistöðu sína í úrslitakeppninni og þrisvar sinnum í All-Star-leik.
- Utanvallar á Jordan líka magnað met. Þegar hann skildi við konuna sína til 27 ára, Juanita Vanoy, fékk hún **168 milljónir** dollara í vasann.

ALLAR
PIZZUR AF MATSEÐLI
1.390 KR
Ef þú skalt, vikuna 18.-24. febrúar 2013



Domino's®



MEGAVIKA



www.dominos.is



sími 58 12345



domino's app



Stíllinn kíkti til **Ólafs Alexanders Ólafssonar**, en hann er átján ára Hafnfirðingur sem er með tískuna á hreinu. Ólafur lýsir stílnum sínum sem blöndu af skate og skandinavískri tísku en mest er hann fyrir áberandi skófatnað.

Stutterma **mynstraðar** skyrtur ómissandi

Hver er Ólafur?

Ég er 18 ára strákur úr Hafnarfirðinum og geng í Verzlunarskóla Íslands á 3. ári. Ég er frekar aktívur og hef venjulega allt of mikið að gera. Ég á frábæra kærustu, vini og fjölskyldu sem ég eyði lífi mínu með. Ég hef mikinn áhuga á tónlist, tísku og finnst gaman að vera í sviðsljósinu. Ég hef ekki hugmynd um hvað ég ætla að gera í framtíðinni en það verður bara að koma í ljós.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Stílnum mínum myndi ég lýsa sem svona blöndu af skate-tísku og skandinavískri tísku. Ég geng í þröngum buxum og elska oversized og sitt þegar kemur að peysum, bolum og skyrtum. Flestar þannig flíkur sem ég á eru í L eða XL. Ég er frekar mikið sneaker freak og er mikið fyrir áberandi skófatnað.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Ég kaupi langflest mín föt í Noland í Kringlunni þar sem ég hef unnið undanfarnin tvö ár. Stundum versla ég líka í Sautján og þegar ég versla erlendis eru búðir eins og Weekday og Samsøe Samsøe í miklu uppáhaldi.

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?

Líklega sumarið. Ljósir litir, stullur, tank toppar, snapbacks, sólgleraugu og low tops í sólinni er bara svo mikið nice!

Hver er best klæddi karlmaður í heimi?

Ef Andreas Wijk og Chad Muska myndu renna saman í einn mann yrði hann best klæddi karlmaður í heimi.



ÚT Á LÍFIÐ

JAKKI: NOLAND
SKYRTA: SAUTJÁN
BUXUR: CARLINGS/HELSINKI
SKÓR: SAUTJÁN

Áttu þér uppáhalds hönnuð?

Á mér engan uppáhalds hönnuð en Kr3w og Supra eru án efa uppáhalds merkin mín!

Hver hafa verið þín verstu tískumistök?

Þegar móðir mín lét mig á yngri árum klæðast útvíðum gallabuxum af stóru systur minni sem voru orðnar of litlar á hana og Carhartt cargo-buxurnar geta deilt um þann titil.

Hvað er ómissandi fyrir stráka að eiga í fataskápnum þessa dagana?

Fyrir komandi mánuði finnst mér ómissandi að eiga nice runners, t.d. Supra Owen eða Nike Free Run. Svo finnst mér litlar beanies snilld þegar maður nennir ekki að spá í hárinu. Mynstraðar skyrtur eru „must have“ og ekki skemmir fyrir ef þær eru stutterma.

Hvað er á döfinni hjá þér í vetur?

Það er mikið að gera hjá mér í skólanum og þá sérstaklega í félagslífinu. Ég er dansari í nemendasöngleiknum V.Í. Will Rock You sem sem sýndur er í Austurbæ. Það er ótrúlega gaman og hvet ég alla til þess að mæta á sýninguna! Svo er ég og hópur af strákum á fullu í því taka upp 3. þátt Rjómans sem er sketsaþáttur í Verzló. Í mars fer ég í námsferð erlendis og reikna svo með því að skella mér norður á AK Extreme í apríl.

Ef þú ættir eina ósk, hvers myndir þú óska þér?

Að þessi spurning væri ekki svona sjúklega erfið.



UPPÁHÁLDS

SNAPBACK: NOLAND
PEYSA: NOLAND
BUXUR: WEEKDAY/DANMÖRK
SKÓR: NIKE/BERLÍN



HVERSDAGS

BEANIE: NOLAND
SKYRTA: EPISODE/HRÓARSKELDA
BOLUR: NOLAND
BUXUR: NOLAND
SKÓR: NOLAND



SPARI

BLAZER: SAUTJÁN
SKYRTA: H&M
SLAUFA: KORMÁKUR OG SKJÖLDUR
BUXUR: NOLAND
SKÓR: ZARA/MADRID



Roxanne Lowit

Hinn heimsfrægi tiskuljósmyndari Roxanne Lowit er heiðursgestur RFF-hátíðarinnar í ár en hún hefur myndað fjöldann allan af heimsþekktum listamönnum og kvikmyndastjörnum. Ljósmyndir hennar hafa verið birtar í tímaritum á borð við Vogue, Vanity Fair og Tatler og hafa sköpunarverk hennar verið til sýnis í mörgum frægustu listasöfnum og galleríum heims. Árið 2010 hlaut bók hennar Backstage Dior. Foreword & Fashion by John Galliano hin frægu Lucie Awards ljósmyndaverðlaun sem bók ársins.



Reykjavík Fashion Festival verður haldin í fjórða skiptið samhliða **HönnunarMars** dagana 14. til 16. mars. Nýlega kom í ljós hvaða erlendu gestir sækja hátíðina í ár og fór **Stíllinn** á stúfana og kynnti sér nokkra þeirra.

**FRÆGIR
GESTIR
Á RFF**



Signy Fardal
Signy er ritstjóri Norska ELLE.

Jeffrey Podolsky

Jeffrey er sjálfstæður blaðamaður og rithöfundur frá New York. Hann skrifar fyrir People Magazine, Tatler, The Wall Street Journal, VOGUE Hommes Int., London Times Magazine og breska GQ.



Emanuele D'Angelo

Emanuele er ritstjóri og ljósmyndari lífstíls-síðunar www.livincool.com í London en einnig tekur hann myndir fyrir Purple Magazine í París.



Beatrice Graf
Beatrice er tiskuristjóri þýska VOGUE.

Edda Guðmundsdóttir

Edda er stílisti sem býr í NY og hefur unnið meðal annars fyrir Diane Von Furstenberg II Street Journal, VOGUE Hommes Int., London Times Magazine and Breska Diane Von Furstenberg, Lady Gaga og L'Oreal.tenberg II Street Journal, VOGUE Hommes Int., London Times Magazine and Breska

NÝ SENDING
again & again

01. A&A 18.995 kr. 02. A&A 19.995 kr. 03. A&A 23.995 kr. 04. A&A 21.995 kr. 05. A&A 18.995 kr.

Kringlan s. 512 1760 | Smáralind s. 512 7700 | ntc.is | erum á [facebook](https://www.facebook.com)

gs skór

Veðsetti íbúðina til að

Snæbjörn Ragnarsson segir Dungeons & Dragons og Lord of the Rings á meðal áhrifavalda Skálmaldar. Hann ræddi við **Monitor um brennivín, minnimáttar-kennð þungarokkssveita og leikskólabörnin sem fíla **Skálmöld**.**

Það heyrir til tíðinda þegar hljómsveit sem kennir sig við þungarokk, sem fellur undir hatt jaðartónlistar, troðfyllir Háskólabíó og selur plötur upp undir gullplötumarkið héraendis. Víkingarokk-ararnir í Skálmöld hafa stormað á baki Sleipnis inn í íslenskt tónlistarlíf frá stofnun árið 2009 með tveimur virkilega vel heppnuðum breiðskífum en nýrri platan, *Börn Loka*, kom út í haust og hefur hlotið afbragðsviðtök. Til að kóróna kröftuga innreið var hljómsveitin tilnefnd til tveggja verðlauna á Íslensku tónlistarverðlaunum, sem fram fóru í gærkvöldi eftir að blað þetta fór í prentun. Skálmaldarmenn hamra járníð á meðan það er heitt með því að leggja upp í túr um landið seinna í mánuðinum, sem meðal annars inniheldur viðkomu á Litla-Hrauni, auk þess að gefa út nýtt tónlistarmyndband í leikstjórn Bowen Staines.

Blaðamaður *Monitor* settist niður með Snæbjörni Ragnarssyni, stofnanda og textasmiði Skálmaldar, og fór yfir allt sem máli skiptir.

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Styrmir Kári

einar@monitor.is
styrmirkari@mbl.is

Nú ferð þú fyrir vinsælustu þungarokkshljómsveit landsins um þessar mundir. Er þungarokkið lífstíll?

Það er ekkert hægt að ljúga öðru. Það fallega við þungarokkið er að vissu leyti hvað það er heiðarlegt og þar eru allir samþykktir. Þú getur verið lítill, sæt stelpa sem mætir á rokkónleika í blómakjól og það þælir enginn í því á meðan þú ert kannski bara laminn á Þjóðhátíð í Eyjum fyrir að vera í vitlausri peysu eða eitthvað. Þetta er kannski aðeins ýkt, en þú veist hvað ég á við. Auðvitað verður þetta lífstíll, þú sérð það á síða hárinu, skeggvextinum, tattúunum, „piercing“, leðurjökkunum og hermanna-klossunum.

Margir tengja þungarokk við mótþrúaskeið unglunga. Erud þið allir enn unglungar í anda?

Það er náttúrulega ekki hægt að neita því heldur að mótþrúaskeið unglunga og þungarokk tengjast að einhverju leyti í gegnum þennan uppreisnaranda. Að því leyttinu til erum við bara litlir strákar að hafa gaman af því

að vera í þungarokkssveit en svo má heldur ekki gleyma því að þetta er þínu breytt í dag frá því að við vorum unglungar. Þegar við vorum yngri þá höfðu mestu „rebel-foreldrarir“ verið að hlusta á Stones eða Queen á sínum yngri árum, núna erum við þeir fullorðnu og við hlustuðum á Slayer sem unglungar. Auðvitað eru margir sem „sneru baki við þungarokkinu“ en ég held samt að þetta sé ákveðin myta, að það séu aðallega krakkar sem hlusta á þungt rokk.

Myndir þú segja að þungarokkarar mæti fordómum? Er fólk fljótt að bendla tónlistarmenn í þessum geira við einhvers konar ólifnað?

Já, það er fullt af fólkum sem ákveður bara að við séum frekar slæmt fólk og að kreðsan sé uppfull af einhverjum rustum. Raunin er hins vegar bara hið gagnstæða og þú sérð það til dæmis á Eistnaflugi, 1.500 manna hátíð þar sem verið er að spila

mesta öfgametal sem er til, fólk er kolbrjáláð og útatað í svínablóði, og það er ekki einn maður laminn. Eins og ég sagði áðan þá eru einhvern veginn allir, kannski innan einhverra gæsalappa, samþykktir og þú færð bara að vera eins og þú vilt.

Langflestir þessara gallhördu þungarokkara í senunni hérna heima eru algjör ljúfmenni. Það finnst engum töff að vera einhver rusti, það er einhver myta. Við lifum margir hverjir öfgafyllra lífi en margir aðrir en það snýst bara um einhverja litla hluti, við drekkum kannski meira brennivín og okkur er kannski þínu meira sama hvort við förum í sturtu á hverjum degi eða ekki. Út af þessum „rebel“ í manni finnst okkur líka alveg stundum gaman að vera þínulítið upp á kant og ögra aðeins, en í grunninn þá

... við drekkum kannski meira brennivín og okkur er kannski þínu meira sama hvort við förum í sturtu á hverjum degi eða ekki.

myndi ég treysta flestum þessum þungarokkurum fyrir að passa börnin mín – sem ég reyndar á ekki.

Hvernig fæddist hugmyndin á bak við Skálmöld?

Við Böbbi (Björgvin söngvari) stofnuðum fyrstu hljómsveitina okkar þegar við vorum 12 ára á Húsavík og sú hljómsveit þróaðist síðan seinna í Innvortis. Einhvers staðar í þeirri þróun prófuðum við okkar áfram í dauðarokkinu í þeirri bylgju í upphafi tíunda áratugarins. Seinna fjarlægðust leiðir okkar aðeins svona innan tónlistarinnar, en við höldum sambandi sem vinir og töluðum alltaf um að við þyrftum að setja saman gott þungarokksband og gefa út helst að minnsta kosti eina góða plötu. Svo einhvern tímann þegar ég var búinn að melta þetta nógu lengi, þá fattaði ég að ég þekkti akkurat mennina sem þurftu að vera í bandinu. Þá settist ég niður og lýsti hugmyndum okkar Böbba fyrir þeim. Við höfðum komið okkur saman um að þetta ætti að vera hljómsveit sem spilaði þjóðlegt víkingarokk og ég hafði samið sögu um víkinginn Baldur og skipt henni niður í tíu kafla, sem urðu lögín tíu á plötunni Baldur. Strákarnir sögðu allir já og svo varð þetta bara til. Við fundum mjög fljótlega að við værum með eitthvað í höndunum og þá var ákveðið að fara með þetta alla leið.

Hvaðan kemur innblásturinn í textagerðina? Af hverju þessi tenging við víkinga og norræna goðafræði?

Þegar ég var lítill sýndi pabbi minn heitinn mér hvernig maður ætti að yrkja og þó ég hafi svo sem ekki heillast mikið af því sem strákur þá byrjaði ég að sækja í bragfræðireglurnar miklu, miklu seinna þegar ég byrjaði að semja texta við lög. Þessi bragfræði er í raun sjúkdómur af því að þegar maður fer að skoða reglurnar almennilega þá festist maður dálítið í þeim. Ef þú reynir síðan að semja texta án reglnanna, þá finnst þér þú vera að svindla.

Pabbi minn hafði líka kynnt mig fyrir norrænu goðafræðinni svo þegar Skálmaldar-konseptið var í þróun þá fannst mér bara borðleggjandi að sækja innblástur í hana. Pabbi las líka fyrir mig Lord of the Rings og svo spilaði ég auðvitað Dungeons & Dragons alveg á milljón og þetta hnoðaðist allt saman í einhvern hnykil. Það er ekki

þannig að ég sé eitthvað menntaður í norrænni goðafræði eða eitthvað svoleiðis. Ég er ekki einu sinni stúdent.

Þú segir að þið hafið ákveðið að „fara alla leið með plötu-hugmyndina“ en það fól meðal annars í sér að borga fjórum sinnum meira fyrir framleiðsluna en venjubundið er, ekki satt?

Eins og ég segi, þá ákváðum við bara að gera það sem þurfti til, til dæmis að leggja fullt af peningum í þetta jafnvel þótt enginn vissi hver við værum. Svo fórum við að leita að útgefanda en enginn var spenntur fyrir okkur fyrr en færeyska útgáfan Tutl sýndi okkur áhuga en það var þó alls ekki þannig að þeir fjármögnuðu útgáfunna. Við spörudum vissulega hvergi til, ákváðum að framleiða 1.000 eintök í innbundnu geisladiskahulstri, eiginlega bara eins og lítil bók. Þetta var ævintýralega „fansí“ en að sama skapi alveg svívirðilega dýrt, við borguðum „shit load“ af peningum fyrir þetta. Svona gerðum við þetta með fyrstu 1.000 eintökum sem síðan seldust upp, þetta var ekkert nema dólgurinn.

Þurfti einhver ykkar að selja úr sér nýra eða hvernig fjármögnuðu þið þetta?

Það sem við gerðum var bókstaflega það að Böbbi fór í Sparisjóðinn á Húsavík, sagðist þurfa yfirdrátt fyrir þungarokksplötu og ég ábyrgðist það með íbúðinni minni (hlær). Þetta var bara draumur sem við ætluðum með alla leið – og ég missti ekki íbúðina mína.

BIBBI

Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex:
250178.

Besta plata allra tíma: No Control með Bad Religion.

Það fyndnasta sem ég hef séð á netinu: Barnaland.

Það sem fékk mig helst til að nenna fram úr í morgun: Vinnan mín, ég er nýbyrjaður í fyrstu níu til fimm vinnunni minni í tíu ár.

Það sem veldur mér helst hugarangri þessa stundina: Ekki rassgat, ég hef aldrei áhyggjur af neinu.

Æskuátrúnaðargöð: Eggert Hilmarsson í húsvísku þönk-hljómsveitinni Rotþróin.



uppfylla drauminn

Hvað gera Skálmaldarmenn á daginn, áður en þeir breytast í þungarokkara?

Björgvin er leikskólakennari, Gunnar er tónmenntakennari og kórstjóri, Jón Geir vinnur í Nexus, Baldur er sjálfstætt starfandi tónlistarmaður, ég er að vinna hjá auglýsingastofunni PIPAR\TBWA og Þráinn er tónlistarkennari í Norðlingaskóla.

Við erum allir ótrúlega venjulegir menn og allir nema við Baldur eru fjölskylduféður, enda höfum við nokkrum sinnum þurft að taka stöðufundi þegar einhver stór mál hafa komið upp eins og til dæmis þegar við fengum plötusamning frá útlöndum og boð um Evróputúr. Þá höfum við bara þurft að ræða málin af því að fjölskylduféður með fasta vinnu geta kannski ekkert skotist í hvaða ævintýri sem er. Hingað til hafa menn samt alltaf getað hnikað til og það er í raun aðdáunarvert hvað fjölskyldumeðlimir strákanna hafa sýnt mikinn skilning, ekki síst í ljósi þess að það er bara fyrst núna sem við erum farnir að sjá einhverja peninga í þessu.

Sem fyrr segir hafa vinsældir hljómsveitarinnar vaxið hratt og troðfyllti hún til dæmis Háskólabíó á dögnum. Hefur vöxtur hljómsveitarinnar komið þér á óvart?

Já, að þetta hafi náð þessu kalíberi var eitthvað sem enginn sá fyrir að væri hægt, án þess að reyna að hljóma eitthvað hrokafullur. Hitt er annað mál að við förum inn í þetta af fullu afli og lausir við minnimáttarkenndina sem íslensk þungarokksbönd eru með og ég held að það hafi haft jákvæð áhrif. Hún lýsir sér í því að þær gefa út plötur í 50 eintökum, gefa bara vinum sínum og ákveða sjálfar að enginn hafi áhuga á að hlusta á þetta. Þetta gera alltof margir, það er hellingur af góðu stöfni þarna úti sem fólk hefur aldrei heyrt. Við tókum auðvitað ákveðinn séns með

því að kýla svona rosalega á þetta en við höfðum bara trú á því sem við vorum að gera. Við unnum sem sagt í því að gera þetta sýnilegt þannig að að því leyti til er ég ekkert rosalega hissa á að þetta skyldi ná einhverjum svona vexti, en svona miklum bjóst ég aldrei við.

Á dögnum mátti sjá leikskólabörn í sjónvarpsfréttum sem dýrka Skálmöld. eru leikskólabörn innan markhóps ykkar?

Algjörlega. Við byrjuðum snemma að halda tónleika gagngert fyrir krakkana – og gerum enn. Við höfum gert þetta þannig að við höldum þá tvenna tónleika, annars vegar bara venjulega tónleika að kvöldi til og hins vegar stutta tónleika klukkan fjögur eða fimm þannig að börn geti komið með foreldrum sínum. Þá mæta bara 200 börn með heyrnartól sem sitja í fanginu á mömmu sinni og pabba og það er eitthvað við það sem er svo geðveikt.

Og það er ekkert feimnismál fyrir gallharða rokkara að vera allt í einu orðin uppáhöld leikskólabarna?

Nei, alls ekki. Það er kannski partur af því hvernig við lítum á þungarokkið, allir eru samþykktir. Við ætlum ekki að fara að breyta því hvernig við erum, en ef einhverjum finnst þetta skemmtilegt þá er það bara frábært, hverjir sem það eru. Þú sérð það líka að við höfum verið að halda sitjandi tónleika eins og í Háskólabíó og Hofi og það er að miklu leyti fyrir fólk sem er kannski komið á þann aldur

að það nennir ekkert að láta hella yfir sig bjór á Gauknum og er ekkert að fara löðrandi sveitt í einhver slagsmál í pyttinum.

Ert þú hrifinn af því að skella þér í pytt á rokkónleikum?

Nei, ég er gaurinn sem stendur aftast hjá mixernum þar sem „sandið“ er gott og vagga hausnum fram og til baka. Mér þykir svo vænt um gleraugun mín að ég legg ekki í pyttinn (hlær).

Ég lenti einu sinni í því úti að það kom maður að mér og sagði við mig: „Þú ert í raun það sem ég er að reyna að vera.“

Hvað heldur þú að það sé sem veldur því að þessi tónlist nær að höfða til breiðari markhóps en annað þungarokk til þessa hér á landi?

Ég myndi segja að það væri þetta íslenska element. Við erum ekki öfgafulllt þungarokk, tónlistin okkar er það melódísk að við erum næstum því bara dulbúin popphljómsveit þannig að ég held að við séum ómeðvitað að höfða til fólks á dálítið skemmtilegan hátt. Ég hef nefnilega heyrt af því að fólk heyrir tónlistina okkar, finnst hún skemmtileg og finnst síðan svolítið kúl að fylla hana af því að hún er þungarokk. Svo held ég nú að það sé bara þannig að fólk tengi alltaf við tónlist sem gerð er af heilindum, ef það gefur henni séns á annað borð.

Þið fenguð lofsamlegt umtal fyrir útgáfutónleika sem fram fóru í Háskólabíó á dögnum. Ég heyrði að aðdragandi tónleikanna hefði ekki verið alveg áfallalaus.

Vissulega ekki. Fyrir þessa tónleika vaknaði Jón Geir trommari, hellti sér upp á kaffi og svo steinlá hann bara

SKÁLMOELD

Meðlimir: Baldur Ragnarsson, Björgvin Sigurðsson, Gunnar Ben, Jón Geir Jóhannsson, Snæbjörn Ragnarsson og Þráinn Árni Baldvinsson.
Stofnuð: 2009.
Plötur: Baldur (2010) og Börn Loka (2012).



KVIKMYNDIR

Myndin sem ég get horft á aftur og aftur: Reservoir Dogs.

Myndin sem ég felli tár yfir: Ég fellði tár yfir heimildamyndinni Young@Heart sem fjallar um kór eldri borgara í Bretlandi. Ég var mjög þunnur og þá verður maður alltaf svolítið meyr.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir: Pink Flamingos (farið í Bíó Paradís á sunnudaginn!)

Uppáhaldsmyndin mín í æsku: Gosi.

Versta mynd sem ég hef séð: Pearl Harbor.

TÓNLIST

Lagið í uppáhaldi þessa stundina: Fuck You með Bad Religion.

Lagið sem ég hlusta á til að gíra mig upp fyrir helgina: Það er bara Slayer.

Lagið sem ég fíla í laumi: Time After Time með Cyndi Lauper.

Nostalgiulagið: Hansi hundamorðingi með Rotþrónni frá Húsavík. Þegar ég heyr þá er ég mættur aftur í bæjarvinnuna.

Lagið sem ég syng í karóki: Ég hef sungið einu sinni í karóki og þá söng ég Time After Time.

FORM OG FÆÐI

Uppáhaldsmatur: Íslenska lambakjötið.

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Ég tek mig ekki á.

Versti matur sem ég hef smakkað: Ég borða eiginlega allt en ég fékk ónyta pítsu í Brasílu. Ég fékk matareitrun eftir hana.

Líkamsræktin mín: Hún er engin þessa dagana.

Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum: Ég var í unglingalandsliðinu í frjálsum í hlaupum og langstökki. Stoltasta augnablikið var líklega eitthvert Íslandsmet sem ég sló.



í gólfinu, grátandi af sársauka. Þá fékk hann sem sagt svona svakalega í bakið og þetta var bara tólf tímum áður en hann átti að mæta á svið. Þá var brunað með hann upp á slysó í sprautur, töflur og alls konar vesen og svo þíndi hann sig bara í gegnum tónleikana. Mér skilst að hann sé ennþá að drepast í bakinu. Síðan ákvað Gunni hljómborðsleikari að taka kaffibollann sinn og hella honum yfir hljómborðið sitt í „sándtökk-inu“. Sem betur fer var til annað nákvæmlega eins orgel í Tónastöðinni og snillingarnir þar lánuðu honum græjuna. Einn af fallegu punktum við Skálmöld er samt einmitt sá að einhvern veginn standa menn alltaf sína plikt. Ég hef verið í mörgum hljómsveitum og ég hef aldrei upplifað það jafnstærkt að þurfa ekki að hafa áhyggjur af neinu. Hver og einn sér bara um sig og það er aldrei neitt vesen, að minnsta kosti ekki þegar kemur að því að spila.

Þið ætlið að hamra járníð á meðan það er heitt og halda í Íslandstúr. Er það langþráður draumur?

Við erum kannski bæði að hamra járníð á meðan það er heitt og svo höfum við bara mjög oft verið beðnir um að koma hingað eða þangað út á land en það er bara þannig að það er því miður bilað vesen. Það er rosalega erfitt að ferðast með þetta bákn sem Skálmöld er, þetta eru alltaf lágmark tíu manns sem eru að ferðast og við getum því miður ekki hagrætt græjumálum mikið. Okkur hefur að sjálfsögðu þótt fúlt að þurfa að hafna svoleiðis tilboðum af því að við erum utan af landi og við erum talsmenn þess að það þurfi ekkert allt svona að fara fram í höfuðborginni, þó svo að það sé óumflýjanlegt að það verði alltaf miðstöðin. Núna ákváðum við sem sagt bara að kyla á þetta almennilega og það er bara búið að redda öllu sem þarf að redda, eins og fríum frá vinnum. Tuborg á til dæmis rosalegar þakkir skildar fyrir að hafa komið inn í þetta og gert okkur þetta kleift.

Þið eruð tilnefndir til tveggja verðlauna á Íslensku tónlistarverðlauninum. Þú hlaust tilnefningu sem textahöfundur ársins og hljómsveitin sem tónlistarflytjandi ársins. Hvernig upplifir þú það?

Mér finnst alveg geðveikt að fá þessa tilnefningu sem flytjendur ársins af því að það snýst dálítið um það sem við stöndum fyrir. Auðvitað leggjum við upp úr því að semja góða tónlist og taka upp góðar plötur, en Skálmöld er tónleikahljómsveit og okkur finnst rosalega gaman að spila. Við erum ekki lélegir á tónleikum, það er bannað. Fólk sem borgar sig inn á

tónleika með Skálmöld á að fá tónleika sem það hefur aldrei séð áður. Ég er rosalega ánægður með að fólk hafi tekið eftir okkur í þessum efnum og haft okkur með þegar verið var að tilnefna, enda er stundum mjög auðvelt að sleppa þeim sem eru í svona jaðartónlist þegar svona tilnefningar eru annars vegar. Síðan finnst mér auðvitað gaman að fá svona tilnefningu varðandi textana, það kitlar hégómamann alveg helling þó maður reyni að halda kúlinu.

Þetta var bara draumur sem við ætluðum með alla leið – og ég missti ekki íbúðina mína.

Plötur Skálmaldar hafa komið út í útlöndum og þið hafið meðal annars komið fram á Wacken, stærstu þungarokkshátíð í heimi. Hvernig hefur ykkur verið tekið á erlendri grundu?

Okkur er vel tekið og sérstaklega í Þýskalandi, sem er svona miðstöðin að þessu öllu saman fyrir okkur. Það er nefnilega alveg risastór vikinga- og víkingametalkúltur þar þannig að við verðum dálítið ekta þegar við mætum þangað. Þarna er lið sem kann norrænu goðafræðina aftur á bak og áfram þannig að þegar Baldur bróðir segist heita Baldur þá verður fólk alveg „starstruck“. Ég lenti einu sinni í því úti að það kom maður að mér og sagði við mig: „Þú ert í raun það sem ég er að reyna að vera.“ Það er svolítið fyndið að heyra fólk koma út úr skápnnum með þetta. Í ljósi þess hvað það er mikil stemning fyrir þessu úti kemur það manni svo mikið á óvart að það séu ekki fleiri hljómsveitir hérna heima að þæla í goðafræðinni og þessu þjóðlega dóti.

Er lokamarkmið Skálmaldar heimsyfrrád?

Ég hugsa að við reynum bara að viðhalda hugarfarinu sem einkenndi útgáfuna á Baldri, fyrri plötunni, að reyna að fara alla leið með hlutina hverju sinni. Svo sjáum við bara hvert það leiðir okkur. Við stefnum alveg að því að fá fleiri til að hlusta, stækka markaðinn okkar og selja fleiri plötur þannig að því leytnu til er markmiðið heimsyfrrád. Við áttum okkur samt alveg á því að jafnvel þótt þetta gangi svona vel akkúrat núna,

MÁLIN SKEGGRÆDD

Hvað er langt síðan þú snýrtir skegg þitt síðast? Ég hætti fyrir nokkrum árum að snýrta það sjálfur en nafni minn hjá Kormáki og Skildi, kallaður Stjúri, snýrtir það. Ég fór síðast til hans fyrir tveimur vikum.

Hvenær varst þú síðast „nakinn“ í andlitinu? 2003.

Setur þú næringu í skeggið? Nei.

En olíu? Nei.

Hefurðu fléttað það? Ég hef ekki gert það sjálfur en það eru rosalega margir aðrir sem hafa gert það, konum finnst það mjög gaman. Það er líka til mynd af mér að spila með fléttað skegg á einhverjum tónleikum á Evróputúr.

Munt þú taka þátt í Mottumars? Nei, en Baldur bróðir minn ætlar að gera það. Þess vegna er hann með þessa ógeðslegu mottu á myndunum.

Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Ég fór til Berlínar að spila með Skálmöld einhvern tímann í haust.

Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Ég borðaði á Borg Restaurant í hádeginu hjá Völlu Snæ vini mínum. Hann er frábær.

Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Það er langt síðan ég horfði á bíómynd. Það var líklega Hobbitinn og mér fannst hún skemmtileg.

Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Ég keypti mér buxur í Exodus. Hún lítur út fyrir að vera bara skopparabúð en það er eina búðin á landinu þar sem ég finn buxur sem henta mér.

Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Ég sagði það við Agnesi kærustuna mína í gær.






TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

TÖLVULEIKUR



Dead Space 3
MMMMM
 Tegund: Hasarleikur
 PEGI merking: 18+
 Útgefandi: EA
 Dómar:
 8 af 10 – Gamespot
 7,8 af 10 – IGN.com
 7 af 10 – Eurogamer.net

Vígubúinn verkfræðingur

Ég er svosem ekki langskólagenginn, en mig grunar að það sé ekkert í verkfræðinámi sem býr nemendur undir stanslausar árásir geimvera og hvernig er best að taka af þeim hausinn. Þetta hefur þó ekki komið að sök hjá verkfræðingnum Isaac Clarke, en hann er aðalsöguhetja Dead Space-leikjanna og er hann manna flinkastur að glíma við geimverur. Í Dead Space 3 er okkar maður sendur á plánetuna Tau Volantis, en það er talin heimpláneta geimveranna sem Isaac er búinn að vera að berjast við í gegnum tíðina og nú ætlar hann að taka einn lokadans, brjóta hausa og setja amen aftan við þetta magnaða geimævintýri.

Leikurinn er í grunninn hasar- og hryllingsleikur sem reynir allt sitt til að hræða líftórana úr leikmönnum og tekst það vel, en maður er varla búinn að snúa sér við, þá ræðst á mann ógeðslegt kvikindi með öskri og látum. Persónulega mæli ég með að menn spili þennan í plastbuxum til að fyrirbyggja alvarleg slys.

Það eru nokkrar nýjungar í Dead Space 3 og má þar helst nefna að nú er hægt að spila í gegnum söguþráð leiksins með öðrum leikmanni í gegnum netið eða svokallað „coop“. Þetta virkar mjög vel og skapar meiri stemmingu og bætir miklu við upplifunina, mæli með að menn spili leikinn þannig. Önnur nýjung er að nú geta leikmenn búið til sín eigin vopn og haft áhrif á hvernig þau þróast og útbúið þau í takt við það sem hentar í spilun.

Grafík leiksins er stórkostleg og er spilað á allt „effekta“-orgelið til að gleðja augað, en allt umhverfi leiksins er mjög fjölbreytt og fallett. Hljóðin í leiknum og tónlist eru notuð til að skapa stemminguna og tekst það frábærlega vel, maður verður dauðhræddur þegar fjölurnar keyra sig upp í hörðustu atriðunum. En Dead Space 3 sannar að verkfræðingar eru ekki bara með strokleður í Excel, heldur geta þeir barist við heilu haugana af geimverum og gera það vel.



ÓLAFUR ÞÓR
JÓELSSON



FYLGSTU MEÐ Á
**MBL.IS Í DAG ÞAR
 SEM MYNDBANDIÐ
 VERÐUR FRUMSYNT**



Allt að fréttu hjá Hjaltalín

Hljómsveitin **Hjaltalín** gefur út myndband í dag og heldur tónleika annað kvöld.

Þriðja plata Hjaltalín, Enter 4, kom eins og þruma úr heiðskýru lofti fyrir jólin og hefur hún hlotið mikið lof gagnrýnenda. Hljómsveitin sendir í dag frá sér myndband við lagið Crack In a Stone. Yoonah Park leikstýrði myndbandinu en hann er kærasti Rebekku Bryndísar Björnsdóttur, fagottleikara sveitarinnar. Annað kvöld heldur hljómsveitin svo tónleika í Iðnó þar sem Snorri Helgason mun sjá um upphitun. Miðasala fer fram í Iðnó á milli klukkan 11 og 16 í dag og á morgun en miðaverðið er 2000. krónur. Húsið opnar klukkan 20 og Snorri stígur stundvíslega á stökk ásamt hljómsveit sinni kl. 21.



FRUMSYNING HELGARINNAR

This Is 40

Fimm ár eru liðin síðan við kynntumst þeim Pete og Debbie í kvikmyndinni Knocked Up. Þau eiga saman tvær dætur, átta og þrettán ára, og við fyrstu sýn virðist þetta vera hin dæmigerða bandaríska millistéttarjölskylda sem hefur allt sem slík fjölskylda getur óskað sér. Þegar betur er að gáð glíma þau hjón við ýmis vandamál. Til að mynda á Debbie erfitt með að sætta sig við að vera að sigla inn á fimmtugsaldurinn. Þess utan þarf hún að takast á við óvæntan rekstrarvanda í fataversluninni sem hún rekur. Á sama tíma glímur Pete við að halda starfi sínu í tónlistariðnaðinum.

Leikstjóri: Judd Apatow.
Aðalhlutverk: Paul Rudd, Leslie Mann, Melissa McCarthy, Megan Fox, Jason Segel, Albert Brooks, Tim Bagley, Charlyne Yi og Michael Ian Black.
Lengd: 134 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó, Sambíó-Kringlunni og Borgarbíó Akureyri.



VILTU
 VINNA
 MIÐA?
facebook.com/monitorbladid

KVIKMYND

Leitin að Public Enemy #1

Núna er Óskarsverðlauna hátíðin á næsta leyti og hef ég verið að reyna að sjá sem flestar myndir sem tilnefndar eru í helstu flokkum þar. Myndin Zero Dark Thirty er í þeim flokki þar sem hún er tilnefnd sem besta myndin og Jessica Chastain fær tilnefningu sem besta leikkona í aðalhlutverki. Myndin er leikstýrð af Kathryn Bigelow, sem fór heim með styttuna sem besti leikstjóri árið 2010 fyrir Hurt Locker og var það einnig besta myndin það árið.

Myndin fjallar um CIA-útsendara sem gegnir því hlutverki að elta uppi og handsama meðlimi Al-Qaeda, með því markmiði að ná á endanum Osama Bin-Laden. Myndin byrjar þar sem Maya (Jessica Chastain) er að stíga sín fyrstu skref fyrir CIA í Mið-Austurlöndum við að yfirheyra meðlim Al-Qaeda. Í kjölfarið á því fylgumst við með Mayu færast nær og nær takmarki sínu. Ferlið er langt og strangt og er það sýnt bersýnilega hversu mikið þetta verkefni tekur á Mayu og hversu heltekin hún verður af því að finna Bin-Laden. Jessica Chastain er frábær í hlutverki Mayu og hún á fyllilega skilið Óskarstilnefningu fyrir frammistöðu sína. Hún fær áhorfandann til að virkilega halda með sér og maður sér greinilega hversu mikið áhrif þetta hefur á



hana. Jason Clarke og Kyle Chandler styðja einnig vel við bakið á henni í aukahlutverkum sínum.

Bigelow leggur greinilega mikla áherslu á að sýna fram á hvernig stríð og stríðsrekstur hefur áhrif á fólk. Líkt og hún gerði í Hurt Locker, þá er aðaláherslan lögð á aðalpersónuna og hvernig verkefnið mótar hana sem persónu, sem gerir myndina að drama mynd frekar en spennumynd. Hún notast við fréttaskýringamyndir af ákveðnum atburðum, eins og sprengjuárásunum í London 2005 og New York 2010, og gefur það myndinni ákveðin heimildamynda-blæ. Myndin er frekar hæg og róleg, en tekur nokkrar rispur sem fá hjartað til að slá aðeins hraðar, en það skemmur fyrir henni að vera alltaf að draga úr tempóinu og pumpa það síðan aftur upp.



ÍVAR ORRI
ARONSSON

ZERO DARK THIRTY
MMMMM

Gleymdi að skoða póstin

Rapparin lít þekkti **Lil' B** hefði getað troðið upp á Grammy-hátíðinni hefði hann skoðað póstin sinn

„Tíminn líður hratt á gervihnatta öld. Hraðar sérhvern dag, hraðar sérhvert kvöld.“ Svona sungu Evróvisjónsfarar Íslands fyrir 27 árum. Gervihnettir og Evróvisjón eru sem betur fer ekki í fréttum þessa vikuna en í fréttapakkanum að þessu sinni blasir sú staðreynd við okkur að tíminn líður og það hratt.



Dr. Dre sem hefur breytt tónlistarheiminum margfalt og nú síðast heyrnatólaheiminum átti afmæli á mánuðeginum sem leið. Hann er ekki nema 48 ára gamall og hefur aldrei verið massaðri. Hann er nú lítið að semja tónlist þessa dagana en í öðrum fréttum af honum er Beats By Dre-línan að fara í gang með tónlistarveitu á netinu.



Það er eitthvað sem segir mér að **Lil' Wayne** hafi einhvers staðar á leiðinni misst sjónar á raunveruleikanum. Það er efni í aukablað með Morgunblaðinu, allt sem hann hefur tekið upp á í gegnum tíðina en nú síðast tókst honum að vera bannaður af öllum viðburðum Körfuknattleikssambands Ameríku, NBA. Staðreyndin að hann búi í Miami en sé stuðningsmaður LA Lakers hefur valdið íbúum Miami og stuðningsmönnum Miami Heat vonbrigðum. Eftir að hafa verið hent út af leik liðanna í Miami tók Wayne leiðindin á næsta level á tónleikum og sagði öllum að fokka sér. Á aðeins huggulegri íslensku sagði hann LeBron James, Dwayne Wade, NBA, Miami Heat og Chris Brosh að fara til fjandans. Einnig bætti hann því við að hann hefði sofð hjá konu hins síðastnefna. Til að toppa þetta algerlega sagðist hann síðan vera hinn nýi Tupac.



Talandi um **Tupac** þá er áætlað að ný heimildarmynd líti dagsins ljós 16. júní í sumar, daginn sem hann hefði orðið fertugur. Þetta er engin venjuleg heimildarmynd því leikstjóri myndarinnar, Gobi M. Rahimi, fylgdi Tupac eftir með myndavél síðasta hálf árið af lífi hans og var einn af þeim sem stóðu vaktina á sjúkrahúsinu dagana sem Tupac barðist fyrir lífi sínu. Að hans sögn býr hann yfir fjöldanum öllum af eðal-myndefni frá þessum tíma sem mun varpa nýju ljósi á söguna.



Ain't Nobody Fresher Than My Clique-rapparin **Big Sean** sem gaf út plötuna Finally Famous er loksins orðinn megafregur. Hann hefur náð þeim merka áfanga í lífi allra „celeba“ að stofna fatalínu. Ber hún heitið Aura Gold og sérhæfir sig í „fancy“ götuklæðnaði.



Rapparin **Lil' B** sem hæfileika sinna vegna er lítið þekktur héraðslenti í leiðinda atviki í síðustu viku. B-maðurinn hafði unnið netkosningar sem sneru að því hvaða tónlistarmenn ættu að koma fram á Grammys. Eftir að hafa unnið örugglega biðu margir aðdáendur hans eftir því að sjá hann á stóra sviðinu. Enginn Lil' B birtist þó og í hans stað spilaði einhver óþekkt stærð í pönk-heiminum. Aðdáendur urðu brjálaðir og upp komu samsæriskenningar að kosningararnar hefðu verið falsaðar og Litla bé hefði verið bannað að koma fram. Við frekari eftirgrennslan kom það þó í ljós að hann hafði gleymt að skoða tölvupóstin sinn og vissi því ekki að því að hann ætti að koma fram.



Svona í lokin er eitt lag til að tékka betur á. **Usher** gaf út um helgina nýtt lag með upptökustjóranum Diplo. Síðast þegar þeir unnu saman varð útkomann lagið Climax sem var ruglað. Nýja lagið heitir Go Missin' og allir sem hafa aðgang að alnetinu ættu að reyna koma sér þangað við tækifæri og athuga betur með þetta lag.

VILTU VINNA
LG optimus G
snjallsíma?



VÆNTANLEGUR!

SENDU SMS EST LGG
Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU
OG SVARAR MEÐ
ÞVÍ AÐ SENDA
SMS SKEYTIÐ
EST A, B EÐA C
Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!



**9. HVER
VINNUR!**
FJÖLDI
AUKAVINNINGA

Fullt af aukavinningum:
Bíómiðar - DVD
Tölvuleikir - Gos o.m.fl.

*Aðalvinningar dregnið úr öllum innsendum skeytum 11. mars 2013. Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-ið. Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu. Leik lýkur 10. mars 2013





HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Greta Salóme Stefánsdóttir. Á forsíðu: 9. febrúar 2012. Fyrirsögn viðtals: Er enn að glíma við spurninguna.

Það er bara allt mjög gott að fréttu af mér. Þetta síðasta ár er búið að vera þvílík ævintýraferð sem ég vona bara að haldi áfram. Eftir að ég var á síðustu forsíðu kláraðist Söngvakeppni Sónvarpsins 2012 og hópurinn minn fór í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Bakú í maí 2012. Svo útskrifaðist ég með meistaraþróf í tónlist frá Listaháskóla Íslands í júní. Ég eyddi svo sumrinu í að vinna í plötunni minni sem kom út í nóvember og ber titilinn "In the Silence". Jólatörnninni lauk svo þar sem ég söng í Frostrósum. Þar fyrir utan er ég að giggast út um allt bæði sem fjölskyldu og söngkona og sé varla út fyrir verkefnum. Ég stefni svo á að halda stóra tónleika á þessu ári með mínu eigin efni og fylgja því eftir.



LOL-MAIL MONITOR

Húshjálpin bað um kauphækkun en eiginkonunni var misboðið og spurði því húshjálpinna: „Segðu mér, Helen, hví átt þú skilið að fá kauphækkun?“
Helen: „Það eru þrjár ástæður. Sú fyrsta er að ég er betri að strauja en þú.“
Eiginkonan: „Hver segir það?“
Helen: „Eiginmaðurinn þinn. Önnur ástæða er sú að ég er betri að elda en þú.“
Eiginkonan: „Nú. Segir hver?“
Helen: „Eiginmaðurinn þinn. Þriðja ástæða er sú að ég er betri í rúminu en þú.“
Eiginkonan: „Var það maðurinn minn sem sagði það líka?“
Helen: „Nei, garðyrkjumaðurinn.“
Eiginkonan: „Jæja, hversu mikla kauphækkun viltu?“

Ég skora svo á Jón Odd Guðmundsson, textagáfu á Fiton. Kær kveðja, Jói B.

LOKAPRÓFIÐ

| 21. febrúar 2013 |
MONITOR skólinn

Ég heiti Siggi Þór

Þú veist hver ég er af því að

ég er leikarinn með ógæðslega höndina

Besti vinur minn úr leiksýningunni Mýs og menn er

- a) Ólafur Darri
- b) Alfrún Örnólfsdóttir
- c) Hilmar Guðjónsson
- d) Þróstur Leó
- e) Þrífætti hundurinn
- f) _____

af því að ég ma ekki tala við húshjálpin!

Uppáhaldshlutverkið mitt hingað til er

- a) Kræ beibi
- b) Róbertson í Mary Poppins
- c) Útlendingurinn í Mýs og menn
- d) Sjóræninginn í Gulleyjunni
- e) Fuglahraðan í Galdrakarlinum í Oz
- f) _____

en drauma-hlutverkið er ÖLL HLUTVERK ERU DRAUMA-HLUTVERK!!!!

Ef ég væri ekki leikari væri ég

- a) Handverksmaður.
 - b) Handknattleiksmaður.
 - c) Handamódel.
 - d) Handbendi.
 - e) Olnbogabarn.
 - f) Sirkusdýr.
- af því að: Það er í alvörunni það sem ég ætli að vera að gera

Handviss?

- a) Já.
- b) Nei.

Ef ég mætti snæða kvöldverð með hverjum sem er í heiminum yrði það Jim Carrey og við myndum borða mörgesir

Þú vissir ekki að ég var ca. 2 klst. að svara þessu prófi.

Ef ég væri ekki Sigurður Þór væri ég til í að vera

- a) Siggi sæti í Letabæ var úti með erker í hoga
- b) Sigurður sem var sjómaður, sannur Vesturbæingur.
- c) Sigurður Guðmundsson í Hjálmmum
- d) Sigurður H Richter ur Nýjasta tækni og vísindi
- e) Ziggy Stardust, annað sjálf David Bowie
- f) Ziggy Marley, sonur Bob Marley
- g) _____

af því að hann er með svo hrökkelega góðan fram- þund

Þessa dagana er ég ógæðslega stressaður af því að

- a) ~~það er svo erfið að komast upp í stúdíó komissarinn í LÍLÍ.~~
- b) Jóhanna Vigdís er svo ströng.
- c) ég rugla stundum saman textunum mínum í Mary Poppins og Mýs og menn.
- d) ég veit ekkert hvern ég á að veðja á í Eurovision.

Ef ég mætti velja hver fengi að þrýða 10.000 krónu seðilinn yrði það

- a) Jónas Hallgrímsson og Lóan.
- b) Ragnhildur Steinunn og hrossaflugan.
- c) Vigdís Finnboga og blettatígur.d) Ólafur Darri og mús.
- e) Ég sjálfur og kisan mín.
- f) _____

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:


Sigurður Þór

Komdu nú að kveðast á

kæri Siggi Þór ekki er það leyndarmál!) að ég er ekki stór

Þegar ég vann Söngkeppni framhaldsskólanna þá

- a) hugsaði ég hvað allar stelpurnar ættu eftir að fila kallinn
 - b) vildi ég sýna kennaranum mínum í Verzló hvað ég væri góður í frönsku.
 - c) klikkaði helvítis gítarinn. En hverjum er ekki drullusama í dag?
- Wooword!



VEL GERT

Gunnar Nelson Eftir tvo bardaga í UFC er Gunnar Nelson enn ósigraður en kappinn gerði sér lítið fyrir og vann glæstan sigur á Brasilíumanninum Jorge „the sandman“ Santiago í síðustu viku. Monitor hefur alla trú á að Gunnar muni halda áfram að slá í gegn og við verðum límd við skjáinn eins og sjávarsaltið á Hörpunni í næstu bardögum.



UNNUR EGGERTS

ÉG HEF ALDREI

- 1 ...átt apa. En það er klárlega á bucket-listanum.
- 2 ...lesið Harry Potter-bók bara einu sinni. Hef tekið þær allavega 7 sinnum í gegn. Og er þínu stolt af því.
- 3 ...ekki verið myrkfælin. Ímyndunaraflið mitt er of brenglað. Ég er ennþá hrædd við Voldemort og tvísugumar.
- 4 ...getað borðað ost. Bara svona út af því að það hefur komið fram tvísvar sinnum áður í Monitor.
- 5 ...hætt að elska Britney. Margir gáfust upp á henni þegar hún skóf af sér hárið gól- andi en hún mun alltaf eiga stað í hjarta mínu. Alltaf.
- 6 ...kunna að rata neitt. Það vantar bara þann hluta í heilann minn. Yndin hjá já.is eru á speed dial og hafa hjálpað mér í gegnum mód-ursýkisköst í völuandhúsum í Kópavogi og Breiðholti.

SÍÐAST EN EKKI SÍST

► Björn Bragi Arnarsson, sjónvarpsmaður ársins, fílar:

KVIKMYND: American Psycho kemur fyrst upp í hugann. Patrick Bateman, leikinn af Christian Bale, er einn besti karakter kvikmyndasögunnar.

ÞÁTTUR: Ég verð einlega að segja Sunnudagsmessan. Tveir yndislegir menn að tala um aðaláhugamálið mitt í klukkutíma. Hvernig er hægt að toppa það?

BÓK: Ljóðabækur afa míns, Björns Braga, eru þær bækur sem mér þykir vænst um. Hann var frábært ljóðskáld en dó ungur svo að þjóðin fékk ekki að njóta nema brots af náðargáfu hans.



PLATA: Moon Safari með Air er plata sem ég spila mikið heima hjá mér þegar ég er að vesenast og vil hafa eitthvað gott í bakgrunni. Svo finnst mér allt sem Jón Jónsson gerir vera ódauðleg snilld.

VEFSÍÐA: Á Sporcle.com er hægt að fara í leiki þar sem maður kannar hversu mikið maður getur nefnt af alls konar hlutum, til dæmis fylkjum í Bandaríkjunum eða sigurvegurum á Óskarnum. Það er gaman fyrir nörda eins og mig.




STAÐUR: Heimili for-eldra minna. Þar líður mér alltaf vel og þar fæ ég líka besta mat í heimi.

TRAUSTUR DRYKKUR GETUR GERT KRAFTAVERK



HÁMARK
— HOLLUR FÉLAGI —



Styrkir fyrir námsmenn

Umsóknarfrestur er til 18. mars.

Sæktu um námsstyrki Landsbankans á landsbankinn.is.

Námufélagar eiga nú kost á veglegum námsstyrkjum á framhalds- og háskólastigi fyrir skólaárið 2013-2014.

Veittir verða styrkir í fimm flokkum

- » 3 styrkir til framhaldsskólanáms, 200.000 kr. hver.
 - » 3 styrkir til iðn- og verknáms, 350.000 kr. hver.
 - » 3 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 350.000 kr. hver.
 - » 3 styrkir til listnáms, 450.000 kr. hver.
 - » 3 styrkir til framh.náms á háskólastigi, 450.000 kr. hver.
-

